

45  
30. júní

## AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um nýja radiótiðnalista.

Hinn 30. maí 1953 samþykkti Ísland alþjóðasamning um undirbúning og gildistöku hins nýja radió-tiðnalista fyrir hinar ýmsu þjónustur í tiðnasviðum milli 14 krið/sek. og 27500 krið/sek. í því skyni að koma í framkvæmd Atlantic City skránni um tíðna-úthlutanir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanrikisráðuneytið, 30. júní 1953.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

46  
30. júní

## AUGLÝSING

um aðalbækistöðvar Atlantshafsbandalagsins.

Hinn 11. maí 1953 var utanrikisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgildingarskjal Íslands að samkomulagi varðandi aðalbækistöðvar Atlantshafsbandalagsins, sem undirritað var fyrir Íslands hönd í París 28. ágúst 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanrikisráðuneytið, 30. júní 1953.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

47  
7. júlí

## TILSKIPUN

um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samkvæmt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar, eru hér með settar eftirfarandi reglur:

#### Kafli A. — Inngangur og orðaskýringar.

##### 1. gr.

- a) Eftir þessum reglum skulu fara öll skip og sjóflugvélar á hafi úti og á öllum leiðum, sem eru í sambandi við það og eru færar hafskipum, með þeim undantekningum, sem getið er í 30. gr. Ef sjóflugvélar eru þannig gerðar, að þær geta ekki að öllu hlýtt fyrir mælum reglnanna um fyrirkomulag ljósa og bendingamynda, skal þeim fylgt eins nákvæmlega og unnt er.

- b) Reglnanna um siglingaljós skal gætt frá sólarlagi til sólaruppkomu, hvernig 47  
sem viðrar, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem hægt sé að blanda 7. júlí  
saman við hin lögboðnu siglingaljós eða gera erfiðara að greina þau, eða tor-  
velda glögga útsýn frá skipinu.
- c) Þar, sem ekki er öðruvísi ákveðið í eftirfarandi reglum, á það við, sem hér segir:
1. Orðið „skip“ merkir sérhvert fljótandi far, annað en sjóflugvélur á floti, sem notað er eða nota má til flutninga á sjó og vötnum.
  2. Orðið „sjóflugvél“ merkir flugbát eða hvert það loftfar, sem hægt er að stjórna á sjó.
  3. Orðið „vélskip“ merkir sérhvert skip, sem knúið er áfram með vélarafli.
  4. Sérhvert vélskip, sem notar eingöngu segl til gangs, en ekki vélarafli, skal talið seglskip, og sérhvert skip, sem notar vél til gangs, skal talið vélskip, hvort sem það notar jafnframt segl eða eigi.
  5. Skip eða sjóflugvél á floti eru talin vera „laus“ (under way), þegar þau hvorki liggja við akkeri né landfestar eða standa á grunni.
  6. Með orðunum „hæð upp frá hol skipsins“ er átt við hæð upp frá efsta þilfari, sem nær stafna á milli.
  7. Með lengd og breidd skips er átt við þá lengd og þá breidd, sem talin er í skrásetningarskirteini þess.
  8. Lengd sjóflugvélar skal talin mesta lengd hennar, og vænghaf hennar það, sem lofthæfnisskirteini hennar sýnir, eða samkvæmt mælingu, sé slíkt skirteini ekki fyrir hendi.
  9. Þegar talað er um, að ljós „sjáist“, er átt við, að það sjáist um dimma nótt í hreinviðri.
  10. „Stutt hljóð“ merkir hljóð, sem stendur í h. u. b. eina sekúndu.
  11. „Langt hljóð“ merkir hljóð, sem stendur í 4—6 sekúndur.
  12. Orðið „eimpípa“ merkir bæði eimpípu og sírenu.
  13. Með „rúmlest“ er átt við brúttó-rúmlest.

## Kaflí B. — Ljós og bendingamyndir. Þokubendingar.

### 2. gr.

#### *Ljósendingar á vélskipum og sjóflugvélum.*

- a) Á vélskipi, sem er laust, skal vera:
1. Skært, hvítt ljós á framsigli eða fyrir framan hana, eða framan til á skipinu, ef engin framsigla er á því. Ljós þetta skal þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 20 kompásstrikum ( $225^\circ$ ) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi yfir 10 strik ( $112\frac{1}{2}^\circ$ ) hvorum megin skipsins, sem sé beint fram undan og 10 strik á hvort borð, 2 strik ( $22\frac{1}{2}^\circ$ ) aftur fyrir þverskipsstefnu, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 5 sjómílu á lengdar að minnsta kosti.
  2. Annaðhvort fyrir framan eða aftan hvíta ljósið, sem getur í 1. lið, skal vera annað hvítt ljós, að öllu leyti eins og fyrrnefnda ljósið. Skip styttri en 45.75 metrar (150 fet) og skip, sem draga önnur skip, eru ekki skyld að hafa þetta ljós, en mega það.
  3. Báðum þessum hvítu ljósum skal komið fyrir í lóðréttum langskurðarfleti gegnum kjöl skipsins, þannig að annað ljósið sé að minnsta kosti 4.75 metrum (15 fetum) ofar en hitt og að neðra ljósið sé framar en efra ljósið. Hin lárétta fjarlægð milli hinna tveggja hvítu ljósa skal vera að minnsta kosti þrisvar sinnum meiri en lóðréttu fjarlægðin milli þeirra. Lægra ljósinu, eða ef aðeins eitt er notað, þá því ljósi, skal komið fyrir

47  
7. júlí

að minnsta kosti 6.1 metra (20 fetum) upp frá bol skipsins, og sé skipið meir en 6.1 metri (20 fet) á breidd, skal ljósið vera að minnsta kosti svo marga metra upp frá bolnum sem breidd skipsins nemur, en þó þarf það aldrei að vera meir en 12.2 metra (40 fet) upp frá bolnum; og alltaf skal ljósinu eða ljósunum, eftir því sem við á, komið þannig fyrir, að það eða þau verði laus við og fyrir ofan öll önnur ljós og skipshluta, er skyggt gætu á þau.

4. Grænt ljós á stjórnborða, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 10 kompásstrikum ( $112\frac{1}{2}^\circ$ ) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 2 strik ( $22\frac{1}{2}^\circ$ ) aftur fyrir þverskipsstefnu á stjórnborða, og sé enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
5. Rautt ljós á bakborða, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 10 kompásstrikum ( $112\frac{1}{2}^\circ$ ) og sé þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar 2 strik ( $22\frac{1}{2}^\circ$ ) aftur fyrir þverskipsstefnu á bakborða, og sé enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
6. Við ofangreindu grænu og rauðu hliðarljósin skal setja hlif þeim megin, er að skipinu veit, og skal hún ná að minnsta kosti 91 centimetra (3 fet) fram fyrir ljósið, til að varna því, að þessi ljós sjáist yfir kinnung skipsins hinum megin.

b) Á sjóflugvél, sem er laus á floti, skal vera:

1. Skært, hvítt ljós framan til í miðlínu flugvélarinnar, þar sem það sést bezt, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 220 kompásgráðum, og þannig sett, að það lýsi yfir  $110^\circ$  hvorum megin flugvélarinnar, sem sé beint framundan og  $20^\circ$  aftur fyrir þvert á hvort borð, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 3 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
2. Grænt ljós á hægri eða stjórnborðs vængbroddi, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 110 kompásgráðum, og skal því þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar  $20^\circ$  aftur fyrir þvert á stjórnborða, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.
3. Rautt ljós á vinstra eða bakborðs vængbroddi, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu á boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 110 kompásgráðum, og skal því þannig fyrir komið, að það lýsi beint fram og til hliðar  $20^\circ$  aftur fyrir þvert á bakborða, og enn fremur þannig háttað, að það sjáist 2 sjómíllur á lengdar að minnsta kosti.

3. gr.

*Ljósendingar á vélskipum og sjóflugvélum, sem draga önnur skip og sjóflugvélar.*

- a) Á vélskipi, sem dregur annað skip eða sjóflugvél eða ýtir þeim, skulu auk hliðarljósa vera 2 skær, hvít ljós, og séu þau lóðrétt hvort upp af öðru og 1.83 metrar (6 fet) á milli þeirra að minnsta kosti. Ef skipið dregur fleiri en eitt skip eða fleiri en eina sjóflugvél, skal það hafa að auki skært, hvítt ljós fyrir ofan eða neðan hin ljósin, ef lengd skipalestarinnar, talin frá afturstafni dráttarskipsins til afturstafns aftasta skipsins í lestinni, er yfir 183 metra (600 fet). Öll þessi ljós skulu vera eins löguð og öllum eins háttað og hvíta ljósinu, sem um ræðir í 2. gr. staflið a, 1, og skal einu þeirra komið fyrir á sama

stað og því ljósi, en þó skal neðsta ljósið ekki vera neðar en 4.27 metrar (14 fet) upp frá holnum. Hafi skipið aðeins eina siglu, má hafa ljósin á þeirri siglu. 47

- b) Dráttarskipið skal enn fremur hafa annaðhvort skutljós, eins og um getur í 10. gr., eða í stað þess litið, hvítt ljós fyrir aftan reykháfinn eða aftursiglu fyrir dregnu skipin að stýra eftir. Það ljós má þó ekki sjást fyrir framan þverskipsstefnu. Eftir vild má hafa hvíta ljósið, sem um getur í 2. gr. staflíð a, 2, eða sleppa því.
- c) Þegar sjóflugvél á floti dregur eina eða fleiri sjóflugvélar eða skip, skal hún hafa sömu ljós og fyrirskipuð eru í 2. gr. staflíð b, 1, 2 og 3. Auk þess skal hún hafa annað hvítt ljós, eins lagað og eins háttað og hvíta ljósinu, sem greint er í 2. gr. staflíð b, 1, og að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) lóðrétt fyrir ofan eða neðan það ljós.

#### 4. gr.

##### *Bendingar á skipum og sjóflugvélum, sem ekki verður stjórnað.*

- a) Á skipi, sem ekki er undir stjórn, skulu vera á þeim stað, sem hægst er að sjá þau, og ef um vélskip er að ræða, þá í staðinn fyrir ljós þau, er um getur í 2. gr. staflíð a, 1 og 2, 2 rauð ljós með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti, og sé annað ljósið lóðrétt upp af hinu. Ljós þessi skulu sjást, hvaðan sem litið er, 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.

Á daginn skulu á skipi, er svona stendur á fyrir, vera 2 svartar kúlur eða bendingamyndir með ekki minna en 1.83 metra (6 feta) millibili, á þeim stað, sem hægst er að sjá þær; hvor þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli og hvor þráðbeint upp af annarri.

- b) Sjóflugvél á floti, sem ekki er undir stjórn, má hafa 2 rauð ljós á þeim stað, sem hægst er að sjá þau, hvort þráðbeint upp af öðru með 91 centimetra (3 feta) millibili og þannig löguð og háttað, að þau sjáist 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.

Á daginn má hún hafa uppi 2 svarar kúlur eða bendingamyndir, 61 centimetra (2 fet) að þvermáli, hvora þráðbeint upp af annarri með 91 centimetra (3 feta) millibili að minnsta kosti og komið fyrir þar, sem þær sjást best.

- c) Á skipi, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, eða á skipi, sem starfar að sjómælingum eða neðansjávarvinnu, og ef störfum þess er þannig háttað, að það getur ekki vikið fyrir skipi, sem nálgast, skulu í stað ljósa þeirra, sem greind eru í 2. gr. staflíð a. 1 og 2, vera 3 ljós, hvert þráðbeint upp af öðru með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti. Efsta og neðsta ljósið skulu vera rauð og miðljósið hvítt, og öll skulu þau vera þannig gerð, að þau sjáist, hvaðan sem litið er, 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.

Á daginn skal skipið hafa 3 bendingamyndir á þeim stað, sem hægst er að sjá þær; hver þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli og hver þeirra þráðbeint upp af annarri með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti. Efsta og neðsta myndin skulu vera hnöttóttar og rauðar að lit, en miðmyndin hvít og í lögum sem teningur, hengdur upp á horni.

- d) Skip þau og flugvélar, sem um getur í þessari grein, skulu ekki hafa lituðu hliðarljósin uppi, þegar þau eru ekki á siglingu, en á siglingu skulu þau hafa þau.
- e) Önnur skip og sjóflugvélar skulu skoða ljós þau og bendingamyndir, sem boðið er að hafa samkvæmt þessari grein, sem merki þess, að skip þau og flugvélar, sem hafa þau uppi, séu ekki undir stjórn og geti því ekki vikið úr leið.
- f) Bendingar þessar sýna ekki, að skip séu í nauðum stödd og æski hjálpar. Þeirra bendinga er getið í 31. gr.

## 5. gr.

*Ljósendingar á seglskipum og dregnum skipum og sjóflugvélum.*

- a) Á seglskipi, sem er laust, og á öllum skipum og sjóflugvélum, sem dregin eru, skulu vera sömu ljós og fyrirskipuð eru í 2. gr. á vélskipum eða sjóflugvélum, sem laus eru, nema hvítu ljósin, er þar um ræðir, mega þau aldrei hafa.
- Einnig skulu þau hafa uppi skutljós eins og greint er í 10. gr., þó þannig, að dregin skip, önnur en aftasta skipið í lestinni, mega í stað skutljóssins hafa lítið, hvítt ljós, eins og um getur í 3. gr. staflíð b.
- b) Á skipi, sem verið er að ýta áfram, skal á framenda vera grænt ljós stjórnborðsmegin og rautt ljós bakborðsmegin, og skulu ljósin vera að öllu leyti eins og ljósin, sem lýst er í 2. gr. staflíð a, 4 og 5, og búin hlífum, eins og segir í 2. gr. staflíð a, 6, þó þannig, að hversu mörg sem skipin eru, sem ýtt er áfram í einum hóp, þá skal ljósabúnaður þeirra vera eins og aðeins væri um eitt skip að ræða.

## 6. gr.

*Ljósendingar á smáskipum í illviðri.*

- a) Þegar grænu og rauðu hliðarljósin verða ekki höfð á sínum stað á litlum skipum vegna illviðris eða af öðrum gildum ástæðum, skulu þau þó höfð tendruð og tiltæk þegar í stað, ef á þarf að halda. Ef skipið nálgast annað skip eða annað skip nálgast það, skal sýna ljósin hvort sínum megin svo snemma, að komizt verði hjá árekstri, og þetta skal gert á þann hátt, að ljósin sjáist sem bezt, og þannig, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin né rauða ljósið stjórnborðsmegin, né heldur, ef unnt er, aftur en 2 strík aftur fyrir þverskipsstefnu hvort sínum megin.
- b) Til þess að öruggara og auðveldara verði að nota þessi færiljós, skulu ljóskerin hvort um sig vera máluð utan með sama lit og ljósin hafa, sem í þeim eru, og búin hæfilegum hlífum.

## 7. gr.

*Ljósendingar á smáskipum, þegar venjulega viðrar.*

Vélskip smærri en 40 rúmlesta, svo og segl- og róðrarskip minni en 20 rúmlesta og árabátar, skulu, þegar þau eru laus, ekki skyld að hafa ljós þau, sem greind eru í 2. gr., en hafi þau ekki þessi ljós, skulu á þeim vera ljós þau, er hér segir:

- a) Á vélskipum minni en 40 rúmlesta, öðrum en þeim, sem greind eru í staflíð b, skal vera:
1. Skært, hvítt ljós framan til á skipinu, þar sem það sést bezt; skal það vera að minnsta kosti 2.75 metrum (9 fetum) fyrir ofan borðstokkinn, eins lagað og fyrir komið og fyrirskipað er í 2. gr. staflíð a, 1, og þannig háttað, að það sjáist 3 sjómílur á lengdar að minnsta kosti.
  2. Græn og rauð hliðarljós, eins löguð og eins fyrir komið og fyrirskipað er í 2. gr. staflíð a, 4 og 5, og þannig háttað, að þau sjáist 1 sjómílu á lengdar að minnsta kosti, eða samsett ljósker með grænu ljósi öðrum megin og rauðu ljósi hinum megin, er lýsi beint fram og sitt til hvorrar hliðar 2 strík aftur fyrir þverskipsstefnu. Ljósker þetta skal vera að minnsta kosti 91 centimetra (3 fetum) fyrir neðan hvíta ljósið.
- b) Á litlum vélbátum, sem hafðir eru á hafskipum, er heimilt að hafa hvíta ljósið neðar en 2.75 metra frá borðstokknum, en þó skal það haft ofar en hliðarljósin eða samsetta ljóskerið, sem um ræðir í staflíð a, 2.
- c) Skip undir árum eða seglum, minni en 20 rúmlesta, önnur en þau, sem greind eru í staflíð d, skulu, ef þau hafa ekki hliðarljósin, hafa ljósker, þar sem það

sést bezt, er sýni grænt ljós öðrum megin og rautt ljós hinum megin, 1 sjómílu 47  
álengdar að minnsta kosti, og sé því þannig fyrir komið, að græna ljósið 7. júlí  
sjáist ekki bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnbörðsmegin.

Þar, sem ekki er unnt að hafa þetta ljósker fast, skal það vera tendrað og tiltækt og sýnt svo snemma, að komið verði hjá árekstri, og þannig, að græna ljósið sjáist ekki bakborðsmegin og rauða ljósið ekki stjórnbörðsmegin.

- d) Litlir árabátar, hvort sem þeim er siglt eða róið, skulu aðeins skyldir að hafa til taks rafmagnslampa eða ljósker tendrað hvítu ljósi, er sýnt skal í tæka tíð til að afstýra árekstri.
- e) Skip þau og bátar, sem um er rætt í þessari grein, skulu ekki skyld að hafa ljós þau og bendingamyndir, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. staflið a og 11. gr. staflið e.

#### 8. gr.

##### *Ljósendingar á hafnsögubátum.*

- a) 1. Segl-hafnsögubátar, sem eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggja ekki við akkeri, skulu eigi hafa sömu ljós og fyrirskipuð eru á öðrum skipum, heldur skulu þeir hafa á siglutoppi hvítt ljós, er sjáist á alla vegu 3 sjómílu á lengdar að minnsta kosti, og auk þess skulu þeir með stuttu millibili, sem aldrei má vera lengra en 10 mínútur, sýna blys, eitt eða fleiri.
- 2. Þegar þeir nálgast mjög önnur skip eða önnur skip þá, skulu þeir hafa hliðarljósin tiltæk og bregða þeim upp með stuttu millibili eða láta þau leiftra, til að sýna, hvert þeir stefni; græna ljósið má þó ekki sýna bakborðsmegin né rauða ljósið stjórnbörðsmegin.
- 3. Segl-hafnsögubát af þeirri gerð, sem leggja verður að skipshlið til að koma hafnsögumanni upp á skipið, er heimilt að sýna hvítt ljós í stað þess að hafa það á siglutoppi, og enn fremur í stað hliðarljósá þeirra, er getið var áður, að hafa tiltækt ljósker með grænu gleri öðrum megin og rauðu gleri hinum megin, sem farið skal með eins og fyrr segir.
- b) Vél-hafnsögubátur, sem er í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggur ekki við akkeri, skal til viðbótar við ljós og blys, sem fyrirskipuð eru á segl-hafnsögubátum, hafa rautt ljós 2.4 metrum (8 fetum) fyrir neðan hvíta siglutopp-ljósið, og skal það sjást á alla vegu 3 sjómílu á lengdar að minnsta kosti, og enn fremur hliðarljós eins og skylt er að hafa á skipum, sem laus eru. Í staðinn fyrir blys má hafa skært, hvítt blossaljós, sem sést á alla vegu.
- c) Allir hafnsögubátar, sem eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum og liggja við akkeri, skulu sýna ljós þau og blys, sem fyrirskipuð eru í stafliðunum a og b, nema hliðarljósin skulu þeir ekki sýna. Þeir skulu einnig hafa uppi akkerisljós, eins og fyrirskipað er í 11. gr.
- d) Allir hafnsögubátar, sem ekki eru í hafnsöguerindum á stöðvum sínum, skulu, hvort sem þeir liggja við akkeri eða ekki, hafa sömu ljós og önnur skip af sama flokki og rúmlestatali.

#### 9. gr.

##### *Ljós- og dagbendingar á fiskiskipum.*

- a) Þegar fiskiskip eru ekki að veiðum, skulu þau sýna sömu ljós og bendingamyndir sem fyrirskipað er á öðrum skipum af sömu gerð og rúmlestatali. Á fiskveiðum skulu þau sýna aðeins þau ljós og bendingamyndir, sem fyrirskipað er í þessari grein, og skulu þessi ljós og bendingamyndir, nema öðruvísi sé ákveðið, sjást 2 sjómílu á lengdar að minnsta kosti.
- b) Skip, sem veiða með toglinum (trolling [towing] lines), skulu aðeins sýna

47  
7. júlí

þau ljós, sem fyrirskipuð eru á vélskipi eða seglskipi, sem er laust, eftir því sem við á.

- c) Skip, sem veiða með netum eða fiskilóðum, öðrum en toglinum, skulu, ef veiðarfærin liggja ekki meir en 153 metra (500 fet) í lárétta stefnu frá skipinu, hafa á þeim stað, sem það verður bezt séð, hvítt ljós sýnilegt á alla vegu; nálgast skipið annað skip eða annað skip það, skal til viðbótar sýna annað hvítt ljós, að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) fyrir neðan fyrra ljósið og að minnsta kosti 3.05 metra (10 fet) — á litlum, opnum bátum 1.83 metra (6 fet) — í lárétta stefnu frá því í þá átt, sem veiðarfærið er fest.

Á daginn skulu slík skip gefa starf sitt til kynna með því að hafa uppi körfu þar á skipinu, sem hún sést bezt, og liggi þau við akkeri með veiðarfæri sín úti, skulu þau, er önnur skip nálgast, sýna körfuna í þá stefnu frá akkerismerkinu, sem veiðarfærin eru.

- d) Skip að veiðum með netum eða fiskilínum, öðrum en toglinum, skulu, ef veiðarfærin liggja meir en 153 metra (500 fet) í lárétta stefnu frá skipinu, hafa á þeim stað, sem þau sjást bezt, 3 hvít ljós með 0.91 metra (3 feta) millibili, er myndi lóðréttan þríhyrning og sjáist á alla vegu. Ef þessi skip eru á ferð, skulu þau hafa uppi lögboðin hliðarljós, en liggi þau kyrr, skulu þau ekki sýna þau.

Á daginn skulu þau hafa uppi körfu framan til á skipinu, svo nærri stefninu sem unnt er, og ekki minna en 3.05 metra (10 fet) upp frá öldustokk, og enn fremur svarta keilu með mjóa endann upp, og sé henni komið fyrir þar, sem hún sést bezt. Liggi þau við akkeri með veiðarfæri sín úti, skulu þau, ef önnur skip nálgast, sýna körfuna í þá stefnu frá akkerismerkinu, sem veiðarfærið er.

- e) Skip að botnvörpuveiðum, þ. e. þau, sem draga hvers konar veiðarfæri eftir sjávarbotninum eða í námunda við hann og liggja ekki við akkeri, skulu:
1. Ef þau eru vélskip, hafa á sama stað og hvíta ljósið, sem greint er í 2. gr. staflíð a, 1, þrjú ljósker, þannig gert og fyrir komið, að það sýni hvítt ljós beint fram undan og tvö strík á bæði borð, og enn fremur grænt og rautt ljós frá 2 stríkum frá beinni stefnu fram undan að 2 stríkum fyrir aftan þverskipsstefnu, bæði á stjórnborða og bakborða; enn fremur skal að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) og í mesta lagi 3.65 metrum (12 fetum) fyrir neðan þrjú ljóskerið hafa hvítt ljós í þannig gerðu ljóskeri, að það beri skæra, jafna og samfellda birtu allt í kring. Enn fremur skulu þau hafa skutljós eins og greint er í 10. gr. staflíð a.
  2. Ef þau eru seglskip, skulu þau hafa hvítt ljós í þannig löguðu ljóskeri, að það beri skæra, jafna og samfellda birtu allt í kring; og ef þau nálgast önnur skip eða önnur skip nálgast þau, þá skulu þau enn fremur sýna, þar sem bezt sést, hvítan ljósblossa eða blys í tæka tíð til að afstýra árekstri.
  3. Á daginn skulu öll ofangreind skip hafa uppi körfu, þar sem hún sést bezt.
- f) Auk þeirra ljósa, sem boðið er að hafa samkvæmt þessari grein, mega fiskiskip sýna blys eða ljósblossa, ef þörf krefur, til að vekja á sér athygli skipa, sem nálgast. Einnig mega þau nota vinnuljós.
- g) Þegar fiskiskip liggja við akkeri með veiðarfæri úti, skulu þau sýna ljós þau eða bendingamyndir, sem greint er frá í 11. gr. staflíðunum a, b eða c; og ef önnur skip nálgast þau, skulu þau einnig sýna hvítt ljós að minnsta kosti 1.83 metrum (6 fetum) fyrir neðan fremra akkerisljósið og að minnsta kosti 3.05 metra (10 fet) í lárétta stefnu frá því í þá átt, sem veiðarfærið liggur.
- h) Ef skip að veiðum festir veiðarfærið í kletti eða annarri fyrirstöðu, þá skal

það að degi til draga niður körfuna, sem um getur í stafl. c, d eða e, og setja upp merki það (kúluna), sem greint er frá í 11. gr. stafl. c. Að nóttu til skal það sýna það eða þau ljós, sem greint er frá í 11. gr. stafl. a eða b, og í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða slæmu skyggni annarra hluta vegna skal það, hvort sem er á nóttu eða degi, beita hljóðbendingum þeim, sem fyrirskipaðar eru í 15. gr. stafl. c, 5, og þær bendingar skal einnig nota, þegar annað skip nálgast mjög í góðu skyggni.

*Aths. Um þokumerki á fiskiskipum, sjá 15. gr. stafl. c, 9.*

#### 10. gr.

##### *Skutljós á skipum og sjóflugvélum.*

- a) Á skipi, sem er laust, skal hafa á afturstafni hvítt ljós, þannig lagað og svo fyrir komið, að það beri samfellda birtu yfir 12 strika boga af sjóndeildarhringnum, þ. e. beint aftur undan skipinu og 6 strik á hvort borð, og enn fremur þannig háttáð, að það sjáist 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti. Ljós þetta skal vera sem næst og unnt er í sömu hæð og hliðarljósin.

*Aths. Um skip, sem draga önnur skip eða eru dregin sjálf, sjá 3. gr. stafl. lið b og 5. gr.*

- b) Ef skipið er lítið og ekki er unnt að festa þetta ljós vegna illviðris eða af öðrum gildum ástæðum, þá skal hafa tendrað ljósker eða raflampa til taks og sýna svo snemma, að komizt verði hjá árekstri, þegar annað skip dregur skipið uppi.
- c) Sjóflugvél, sem er laus á floti, skal hafa á afturenda hvítt ljós, þannig lagað, að það varpi samfelldri birtu yfir boga af sjóndeildarhringnum, er nemi 140 kompásgráðum, þannig fyrir komið, að það lýsi beint aftur og 70° á hvort borð flugvélarinnar, og enn fremur þannig háttáð, að það sjáist 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.

#### 11. gr.

##### *Ljósendingar á skipum og sjóflugvélum, sem liggja við akkeri eða standa á grunnni.*

- a) Þegar skip, sem ekki nær 45.75 metra (150 feta) lengd, liggur við akkeri, skal það hafa hvítt ljós framan til, þar sem það sést best, í þannig gerðu ljóskeri, að það varpi skærri, jafnri og samfelldri birtu allt í kring, 2 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
- b) Þegar skip, sem er 45.75 metrar (150 fet) á lengd eða meira, liggur við akkeri, skal framan til á því vera eitt hvítt ljós, ekki neðar en 6.1 metra (20 fet) upp frá þolnum. Enn fremur skal á afturstafni þess eða í námunda við hann vera annað samskonar ljós, og skal það vera að minnsta kosti 4.57 metrum (15 fetum) neðar en fremra ljósið. Bæði þessi ljós skulu sjást á alla vegu, 3 sjómílar á lengdar að minnsta kosti.
- c) Frá sólarupprás til sólarlags skulu öll skip, er liggja við akkeri, hafa uppi svarta kúlu, ekki minni en 61 centimetra (2 fet) að þvermáli, og skal hún höfð framan til á skipinu, þar sem hún sést best.
- d) Skip, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, eða starfar að sjómælingum eða neðansjávarvinnu, skal, þegar það liggur við akkeri, hafa uppi þau ljós eða merki, sem fyrirskipuð eru í 4. gr. stafl. c, auk ljósa og merkja samkvæmt því, sem fyrirskipað er hér að framan í þessari grein.
- e) Skip, sem stendur á grunnni, skal hafa uppi það eða þau ljós, sem fyrirskipuð eru í stafl. a eða b, og auk þess 2 rauð ljós eins og fyrirskipað er í 4. gr. stafl. lið a.

Á daginn skulu þau hafa 3 svartar kúlur á þeim stað, sem hægast er að

47  
7. júlí

- sjá þær; hver þeirra skal vera 61 centimetri (2 fet) að þvermáli að minnsta kosti og hver þráðbeint upp af annarri með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti.
- f) Þegar sjóflugvél, sem ekki nær 45.75 metrum (150 fetum) að lengd, liggur á floti við akkeri, skal hún hafa hvítt ljós, þar sem það sést best; skal það sjást á alla vegu, 2 sjómíliur á lengdar að minnsta kosti.
- g) Þegar sjóflugvél, sem er 45.75 metrar (150 fet) á lengd eða meira, liggur á floti við akkeri, skal hún hafa, þar sem best sést, hvítt ljós að framan og annað hvítt ljós að aftan, er bæði sjáist á alla vegu, 3 sjómíliur á lengdar að minnsta kosti; sé vænghaf hennar meira en 45.75 metrar (150 fet), skal hún auk þess hafa hvítt ljós á hvorum vængbroddi, er sjáist á alla vegu, eftir því sem unnt er, 1 sjómíliur á lengdar að minnsta kosti.
- h) Sjóflugvél, sem stendur á grunni, skal hafa uppi akkerisljós eins og fyrirskipað er í stafliðum f og g, eftir því sem við á, og má hún auk þess hafa 2 rauð ljós, er sjáist á alla vegu, og hvort þráðbeint upp af öðru með 1.83 metra (6 feta) millibili að minnsta kosti.

#### 12. gr.

*Blossa- eða hvellbendingar á skipi eða sjóflugvél, sem vill vekja athygli á sér.*

Auk ljósa þeirra, sem fyrirskipað er að hafa samkvæmt reglum þessum, er öllum skipum og sjóflugvélum heimilt, ef þau þurfa að vekja á sér athygli, að sýna blys eða ljósblossa eða viðhafa hverja þá hvell- eða hljóðbendingu, sem ekki verður blandað saman við neitt af þeim merkjum, sem reglur þessar fyrirskipa.

#### 13. gr.

*Sérstakar bendingar á herskipum og skipalínum.*

- a) Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hvers konar sérstökum fyrirmælum, er stjórn einhverrar þjóðar setur um frekari notkun stöðvaljósa og merkjaljósa á herskipum, skipum í herskipafylgd eða sjóflugvélum á floti; og ekki er það því til fyrirstöðu, að sýndar verði einkennibendingar, er útgerðarmenn hafa valið skipum sínum, löggiltar hafa verið af hlutaðeigandi stjórnarvöldum og eru skrásettar og auglýstar á hæfilegan hátt.
- b) Þegar hlutaðeigandi stjórn hefur ákveðið, að herskip eða annað skip í herflota hennar eða sjóflugvél, af sérstakri gerð eða sem ætlað er sérstakt hlutverk, geti ekki að öllu leyti farið eftir ákvæðum reglna þessara um fjölda, staðsetningu, lögun eða sjónarlengd ljósa eða bendingamynda, nema það trúfli hernaðarstörf skipsins eða sjóflugvélarinnar, þá skal skip þetta eða sjóflugvél fara eftir ákvæðum annarra slíkra reglna um fjölda, staðsetningu, lögun eða sjónarlengd ljósa eða bendingamynda, sem stjórnin ákveður, að nálgist fyrirmæli þessara reglna, að svo miklu leyti sem framast er unnt, með tilliti til þess skips eða þeirrar sjóflugvélar.

#### 14. gr.

*Dagbending á vélskipi, sem fer undir seglum.*

Skip, sem gengur fyrir seglum og er jafnframt knúð áfram af einhvers konar vélarafli, skal á daginn hafa uppi svarta keilu með mjóa endann upp; grunnflötur keilunnar skal vera að minnsta kosti 61 centimetri (2 fet) að þvermáli, og skal henni komið fyrir framan til á skipinu, þar sem hún sést best.

## 15. gr.

*Hljóðbendingar í þoku o. s. frv.*

47

7. júlí

- a) Á hverju vélskipi skal vera hljósterk eimpípa, sem gefur frá sér hljóð með gufuafli eða einhverju, sem kemur í þess stað, og skal henni þannig fyrir komið, að hljóðið stöðvist ekki af neinni hindrun á skipinu. Enn fremur skal á hverju vélskipi vera hljósterkt þokuhorn, sem kveður við, þegar í það er blásið með þar til gerðu tæki, og einnig hljómmikil klukka.

Á seglskipum, sem eru 20 rúmlestir eða meira, skulu vera sams konar þokuhorn og klukkur.

- b) Allar bendingar, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, skulu gerðar á skipum, sem laus eru:

1. á vélskipum með eimpípunni;
2. á seglskipum með þokuhorninu;
3. á dregnum skipum með eimpípunni eða þokuhorninu.

- c) Í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða í slæmu skyggni annarra hluta vegna skal, hvort sem er á nóttu eða degi, beita bendingum þeim, sem fyrirskipaðar eru í þessari grein, svo sem hér segir:

1. Vélskip, sem er á siglingu, skal með 2 mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við langt hljóð.
2. Vélskip, sem er laust, en hefur stöðvazt og heldur eigi áfram, skal með 2 mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við 2 löng hljóð með hér um bil 1 sekúndu þögn á milli þeirra.
3. Seglskip, sem er laust, skal með 1 mínútu millibili í mesta lagi gefa bendingu sem hér segir:

Þegar það hefur vindinn á stjórnborða, þvert eða framar, 1 hljóð.

Þegar það hefur vindinn á bakborða, þvert eða framar, 2 hljóð hvort á eftir öðru.

Þegar það hefur vindinn aftar en þvert, 3 hljóð hvert á eftir öðru.

4. Þegar skip liggur við akkeri, skal með 1 mínútu millibili í mesta lagi hringja klukkunni ótt og títt í hér um bil 5 sekúndur.

Á skipum, sem eru lengri en 106.75 metrar (350 fet), skal hringja klukkunni frammi á skipinu, og auk þess skal aftur á skipinu, í mesta lagi á mínútu fresti, berja málmbumbu eða annað slíkt áhald í hér um bil 5 sekúndur, og skal hljóðið úr því vera þannig, að það verði ekki tekið fyrir klukkuhringju.

Öll skip, sem liggja við akkeri, mega auk þess samkvæmt því, er segir í 12. gr., gefa frá sér 3 hljóð hvert á eftir öðru, þ. e. a. s. eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð, til að láta skip, sem nálgast, vita af sér og að hætta geti verið á árekstri.

5. Skip, sem dregur annað skip, skip, sem er að leggja eða taka upp sæsíma eða siglingamerki, og skip, sem er laust, en getur ekki vikið úr leið fyrir öðru skipi, sem nálgast, af því að það er ekki undir stjórn eða lætur ekki að stjórn á þann hátt, sem krafizt er í þessum reglum, skal í stað bendinga þeirra, sem fyrirskipaðar eru í 1., 2. og 3. lið, láta með 1 mínútu millibili í mesta lagi kveða við 3 hljóð hvert á eftir öðru, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 2 stutt.
6. Skip, sem dregið er, eða ef fleiri en eitt skip eru í eftirdragi, þá skal síðasta skipið í lestinni, ef það er mannað, láta með 1 mínútu millibili í mesta lagi kveða við 4 hljóð, sem sé 1 langt hljóð og á eftir því 3 stutt. Þegar því verður við komið, skal gefa þessa bendingu strax á eftir bendingu dráttarskipsins.

47  
7. júlí

7. Á skipi, sem stendur á grunni, skal gefa bendingar þær, sem fyrirskipaðar eru í 4. lið, og auk þess slá 3 sérstök og greinileg högg á klukkuna, strax á undan og eftir hverri hringingu.
8. Skip minni en 20 rúmlestir að stærð, róðrabátar og sjóflugvélar á floti, eru eigi skyld að gefa ofangreindar bendingar, en gefi þau þær ekki, skulu þau gefa aðrar greinilegar hljóðbendingar með ekki meira en 1 mínútu millibili.
9. Þegar skip, sem er 20 rúmlestir að stærð eða meira, er á fiskveiðum, skal það gefa frá sér eitt hljóð með ekki meira en 1 mínútu millibili, og skal hverju hljóði vera samfara klukkuhringing. Í stað þessarar bendingar má það viðhafa aðra hljóðbendingu, það er að segja, gefa frá sér nokkur hljóð hvert á eftir öðru, há og dimm á víxl.

#### 16. gr.

*Í þoku o. s. frv. skal dregið úr ferð.*

- a) Öll skip og allar sjóflugvélar, sem eru á ferð á sjó eða vatni, skulu í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum eða í slæmu skyggni annarra hluta vegna minnka ferð og taka nákvæmt tillit til kringumstæðna allra og ástands.
- b) Ef vélskip heyrir þokubendingu frá skipi, sem virðist vera fyrir framan þverskipsstefnu, en getur þó ekki með vissu ákveðið stað þess, þá skal það stöðva vél sína, að svo miklu leyti sem kringumstæðurnar leyfa, og sigla síðan með varkárni, þar til hættu á árekstri er liðin hjá.

#### Kaflí C. — Reglur um stjórn og siglingu.

##### *Inngangur.*

1. Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að framkvæma allar athafnir hiklaust og í tæka tíð og taka um leið fullt tillit til þess, sem góð sjómennska krefst.
2. Þegar kringumstæður leyfa, má komast að raun um, hvort hætt sé við árekstri, með því að miða með nákvæmni á kompásinn skip það, sem nálgast. Ef miðunin breytist ekki að mun, ber að álíta, að hætt sé við, að skipin rekist á.
3. Sjómenn ættu jafnan að hafa það hugfast, að þegar sjóflugvélar eru að lenda eða hefja sig til flugs eða athafna sig við óhagstæð veðurskilyrði, getur þeim reynt ókleift að breyta fyrirhuguðum gerðum á síðustu stundu.

#### 17. gr.

*Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað.*

Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað, þannig að óttast má, að þau rekist á, skulu þau víkja hvort fyrir öðru eftir þeim reglum, sem nú skal greina:

- a) Skip, sem siglir liðugan vind, skal víkja fyrir skipi, sem siglir beitivind.
- b) Skip, sem siglir beitivind með vindinn á bakborða, skal víkja fyrir skipi, sem siglir beitivind með vindinn á stjórnborða.
- c) Ef bæði skipin sigla liðugan vind með vindinn á gagnstæð borð, skal það skipið, sem hefur vindinn á bakborða, víkja fyrir hinu.
- d) Ef bæði skipin sigla liðugan vind með vindinn á sama borð, skal það skipið, sem áveðurs siglir, víkja fyrir hinu, sem í hlé siglir.
- e) Skip, sem siglir beggja skauta byr, skal víkja fyrir hinu skipinu.

## 18. gr.

*Þegar tvö vélskip stefna hvort á annað.*

47

7. júlí

- a) Þegar tvö vélskip stefna beint eða því nær beint hvort á annað, svo að hætt er við, að þau rekist á, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort fram hjá öðru á bakborða.

Grein þessi á einungis við, þegar svo ber til, að skipin koma beint eða því nær beint hvort á móti öðru, en hún á ekki við tvö skip, sem hljóta að komast hvort fram hjá öðru, ef bæði halda óbreyttri stefnu.

Grein þessi á aðeins við, þegar skipin stefna beint eða því nær beint hvort á annað, eða með öðrum orðum: Á daginn, þegar siglutré beggja skipanna eru í beinni eða því nær beinni línu hvert fram af öðru, eða: Á nóttu, þegar skipin eru í þeirri afstöðu, að frá hvoru þeirra um sig sjást bæði hliðarljós hins skipsins.

Greinin á því ekki við: Á daginn, þegar skip sér annað skip fyrir stafni og leiðir þeirra liggja á mis, eða: Á nóttu, þegar rauða ljósið á öðru skipinu blasir við rauða ljósinu á hinu, eða þegar græna ljósið á öðru skipinu blasir við græna ljósinu á hinu, eða þegar rautt ljós, en ekki samsvarandi grænt ljós sést fram undan, eða þegar grænt ljós, en ekki samsvarandi rautt ljós, sést fram undan, eða þegar bæði sést grænt og rautt ljós í einhverri annarri átt en beint fram undan.

- b) Það, sem sagt er um skip í þessari grein og í 19.—29. gr. að báðum meðtöldum, á einnig við um sjóflugvélar á floti, að undanteknu því, er segir í staflið b í 20. gr., og því skal orðið „vélskip“ einnig taka yfir sjóflugvélar.

## 19. gr.

*Þegar leiðir tveggja vélskipa skerast.*

Þegar tvö vélskip stefna svo, að leiðir þeirra liggja á mis, þannig að hætt er við árekstri, skal það skipið víkja, sem hefur hitt á stjórnborða.

## 20. gr.

*Þegar vélskip og seglskip nálgast hvort annað.*

- a) Þegar vélskip og seglskip stefna svo, að hætt er við árekstri, undir öðrum kringumstæðum en segir í 24. og 26. gr., þá skal vélskipið víkja fyrir seglskipinu.
- b) Sjóflugvél á floti á að jafnaði að halda sig í fjarlægð frá öllum skipum og forðast að hindra siglingu þeirra. Verði samt sem áður hætt við árekstri, skal hún hlíta fyrir mælum þessara reglna.

## 21. gr.

*Skipið, sem á að halda stefnu sinni, skal einnig halda ferð sinni.*

Þegar annað skipið á að víkja samkvæmt þessum reglum, skal hitt halda stefnu sinni og ferð óbreyttri. Þegar síðarnefnda skipið af einhverjum ástæðum er komið svo nærri, að árekstri verður ekki forðað með því einu, er skipið, sem víkja á, gerir til þess, þá skal hitt einnig grípa til hverra þeirra úrræða, sem bezt geta stuðlað til að forða árekstri (sjá 27. og 29. gr.).

## 22. gr.

*Skip, sem vikur, skal forðast að fara fyrir framan hitt.*

Sérhvert skip, sem samkvæmt reglum þessum á að víkja fyrir öðru skipi, skal forðast að fara yfir leið hins skipsins fyrir framan það, nema annað sé ekki fært.

## 23. gr.

*Vélskip, sem vikur, skal draga úr ferð o. s. frv.*

Sérhvert vélskip, sem samkvæmt reglum þessum á að vikja fyrir öðru skipi, skal, þegar það nálgast það, minnka ferðina, nema staðar eða fara aftur á bak, ef nauðsyn krefur.

## 24. gr.

*Skip, sem siglir annað skip uppi, skal vikja.*

- a) Án tillits til þess, sem stendur í þessum reglum, skal sérhvert skip, er siglir uppi annað skip, vikja fyrir því, er það siglir uppi.
- b) Sem skip, er siglir uppi annað skip, skal hvert það skip skoðað, sem nálgast annað skip úr einhverri átt, sem er meir en 2 strík fyrir aftan þverskipsstefnu þess, — með öðrum orðum: er í þeirri afstöðu frá skipinu, sem það siglir uppi, að það mundi um nótt hvorugt hliðarljós þess geta séð; og ekki skal nein breyting, er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa, verða til þess, að skipið, er siglir hitt uppi, teljist skip, sem stefnir svo gagnvart öðru skipi, að leiðir þeirra liggja á mis, eins og átt er við í reglum þessum, eða að það losni við þá skyldu að forðast skipið, er það siglir uppi, þar til það er komið framhjá.
- c) Ef skip, sem siglir annað skip uppi, veit ekki með vissu, hvort það er fyrir framan eða aftan ofangreinda stefnu frá hinu skipinu, þá skal það líta svo á, að það sé að sigla skipið uppi, og vikja því úr leið.

## 25. gr.

*Þegar vélskip siglir um mjótt sund.*

- a) Þegar vélskip siglir um mjótt sund, skal það, þegar það fer eftir sundinu, halda sig þeim megin í álnum eða miðsundinu, er að stjórnborða veit, sé það hættu- laust og framkvæmanlegt.
- b) Þegar vélskip siglir um mjótt sund og nálgast bugðu, þar sem svo hagar til, að ekki sæist til annars vélskips, er nálgast bugðuna úr hinni áttinni, þá skal fyrrnefnda skipið gefa langt hljóð með eimpípunni, þegar það á eftir hálfra sjómílu að bugðunni. Vélskip, er væri hinum megin við bugðuna og heyrði þessa hljóðbendingu, skal svara henni með sams konar hljóðbendingu.

Hvort sem heyrir til annars skips hinum megin við bugðuna eða ekki, skal farið fyrir slíka bugðu með varúð og árvekni.

## 26. gr.

*Skip, sem ekki eru að veiðum, skulu vikja fyrir skipum, sem eru að veiðum.*

Öll skip, sem ekki eru að fiskveiðum, skulu, þegar þau eru laus, vikja fyrir hvers konar skipum, sem eru að veiðum með netum, fiskilóðum eða botnvörpum. Þó skal þessi grein ekki veita neinu fiskiskipi rétt til þess að hindra skipaferðir á leiðum, sem önnur skip en fiskiskip nota.

## 27. gr.

*Afbrigði, þegar hætta er á ferðum.*

Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu, sem siglingum og árekstri skipa er samfara, svo og til allra sérstakra kringumstæðna — þar á meðal hæfni hlutaðeigandi farartækis — sem af getur leitt, að ekki verði komizt hjá að vikja frá ofanskráðum reglum til að forðast bráða hættu.

## Kafli D. — Ýmis ákvæði.

47

## 28. gr.

7. júlí

*Hljóðbendingar skipa, er sjá hvert annað.*

- a) Þegar skip sjá hvert annað, þá skal vélskip, sem er laust og tekur eitthvað fyrir, sem reglur þessar heimila eða fyrirskipa, tilkynna það með eimpípunni sem hér segir:

- 1 stutt hljóð, sem þýðir: Ég sný til stjórnborða.
- 2 stutt hljóð, sem þýða: Ég sný til bakborða.
- 3 stutt hljóð, sem þýða: Vél mín knýr aftur á bak.

- b) Þegar vélskip á samkvæmt þessum reglum að halda stefnu sinni og ferð óbreyttri, en sér annað skip og efast um, að það skip geri fullnægjandi ráðstafanir til að forða árekstri, þá getur það látið slíka efasemd í ljós með því að blása hratt að minnsta kosti 5 stutt hljóð með eimpípunni. Slík hljóðbending losar þó ekki skip við þá skyldu, sem á því hvílir samkvæmt 27. og 29. gr. eða samkvæmt öðrum ákvæðum þessara reglna, né heldur við þá skyldu að tilkynna sérhverja hreyfingu, er það gerir samkvæmt þessum reglum, með hinum sérstöku hljóðmerkjum, sem fyrirskipuð eru í þessari grein.

- c) Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hvers konar sérstökum fyrirmælum, er stjórn einhverrar þjóðar setur um frekari notkun hljóðbendinga milli herskipa eða skipa, sem sigla í herskipafylgd.

## 29. gr.

*Ekkert skip má, hvernig sem á stendur, vanrækja að viðhafa tilhlýðilegar varúðarreglur.*

Ekkert í þessum reglum skal leysa neitt skip, eigendur þess, skipstjóra eða skipshöfn undan ábyrgð á afleiðingunum, ef vanrækt hefur verið að hafa ljós, gefa bendingar eða halda dyggilega vörð, eða ef vanrækt hefur verið að gæta þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska krefst og sérstök atvik kunna að útheimta.

## 30. gr.

*Fyrirvari um reglur fyrir siglingar á höfnum og vatnaleiðum.*

Eigi skal neitt í reglum þessum vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði sérstökum reglum, er valdsmenn á hverjum stað setja um siglingar á höfnum inni, ám, stöðuvötnum eða öðrum vatnaleiðum, eða á afmörkuðum svæðum fyrir sjóflugvélar.

## 31. gr.

*Neyðarbendingar.*

Þegar skip eða sjóflugvélar á floti eru í háska stödd og æskja hjálpar frá öðrum skipum eða úr landi, skulu þau viðhafa eða sýna eftirfarandi bendingar, annaðhvort saman eða hverja fyrir sig:

- a) Byssuskot eða annað hvellmerki með hér um bil einnar mínútu millibili.
- b) Notkun hvers konar þokubendingatækis í sífellu.
- c) Eldflaugar eða sprengjur, sem varpa frá sér rauðum stjörnuljósum, og er þeim skotið einni í einu með stuttu millibili.
- d) Merkið . . . — — — . . . eftir Morse-kerfi, sent með loftskýtatækjum eða öðrum merkjataækjum.
- e) Orðið „Mayday“ (frb. Medi) sent með firðtali.
- f) Alþjóða-neyðarmerki sent með merkjaflöggunum N. C.

- 47 g) Neyðarbending, sem er ferhyrndur fáni og kúla eða eitthvað, sem líkist kúlu  
7. júlí fyrir ofan eða neðan fánann.  
h) Bál á skipinu (svo sem frá logandi tjörutunnu eða olíutunnu o. s. frv.).  
i) Eldflaugar-svifblys, er sýni rautt ljós.

Bannað er að nota nokkurt áðurgreindra merkja, nema í þeim tilgangi að tilkynna, að skip eða sjóflugvél sé í háska statt, og enn fremur er bannað að viðhafa nokkrar bendingar, sem hægt er að blanda saman við nokkurt af áðurgreindum merkjum.

*Aths. Ákveðið hefur verið firðritunarmerki fyrir skip í háska stödd, og er það ætlað til þess að ræsa sjálfvirk hlustunartæki á öðrum skipum og tryggja með því, að veitt verði athygli neyðarköllum eða tilkynningum. Merki þetta er 12 strík í röð, sem send eru á 1 mínútu; hvert strík stendur í 4 sekúndur, og bilið milli hverra tveggja strika er 1 sekúnda.*

### 32. gr.

#### *Reglur um stýrisfyrirskipanir.*

Allar skipanir til þess manns, sem stendur við stýrið, skulu gefnar sem hér segir:

„Til hægri“ eða „stjórnborða“, sem þýðir: snúið stýrisblaðinu til stjórnborða.  
„Til vinstri“ eða „bakborða“, sem þýðir: snúið stýrisblaðinu til bakborða.

### 33. gr.

#### *Hegningarákvæði.*

Brot gegn framangreindum reglum varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við. Mál út af brotum skal fara með að hætti opinberra mála.

### 34. gr.

#### *Hvenær tilskipun þessi öðlast gildi og eldri ákvæði falla burt.*

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1954 og fellur þá jafnframt úr gildi tilskipun nr. 8 11. apríl 1933, um sama efni.

*Gjört í Reykjavík, 7. júlí 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*